

Girðingu þeirri, sem nú er í Torfalækjarhreppi innan Laxár, milli Húnavatns og Svínavatns, skal haldið forsvaranlega við, og eigi breytt nema $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykki breytinguna, enda hafi hún verið tiltekin í fundarboði, sem áður er látið ganga milli félagsmanna.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. október 1911 og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. september 1911.

Kristján Jónsson.

Jón Hermannsson.

Bráðabirgðareglur

um

starfssvið háskólaráðs og rektors.

1. gr.

Rektor háskólans er sjálfkjörinn forseti háskólaráðsins.

Fundi skal halda svo oft sem þörf er á, eða 2 menn úr háskólaráðinu eða $\frac{1}{3}$ kennara krefst þess.

Fundur er því að eins lögmætur, að meiri hluti háskólaráðsmanna sæki fundinn.

Á fundinum ræður afi atkvæða. Séu atkvæði jöfn, sker atkvæði forseta úr.

2. gr.

Rektor hlutast til um framkvæmd á ályktunum háskólaráðsins.

3. gr.

Rektor kemur fram af hendi háskólans út á við. Þó getur háskólaráðið gjört aðra ráðstöfun um framkomu af hendi háskólans, standi sérstaklega á.

4. gr.

107

Rektor hefir eftirlit með starfsemi háskólans. Hann athugar hvort miss-^{22. sept.}erislestöflur háskóladeildanna eru í samræmi við áðursamdar kensluáætlanir. Hann getur tekið þátt í fundum háskóladeilda, en á þó ekki atkvæði utan deildar sinnar. Hann tekur við tilkynningum kennara um aðra fyrirlestra en skyldufyrirlestra. Hann gefur út háskólaborgarabréf til handa skrásettum stúdentum, og doktorsbréf ásamt hlutaðeigandi deildarforseta handa doktorum. Hann hefir eftirlit með ritara háskólans og öðrum starfsmönnum, er settir kunna að verða við háskólann.

5. gr.

Verði rektor að fara frá, áður en rektorsár hans er úti, skal deildarforseti, hinn elzti að embættisaldri, hafa störf hans með höndum, þangað til nýr rektor getur tekið við.

Standi öðruvísi á, gengur varaforseti háskólaráðs í rektors stað.

Bráðabirgðareglur þessar, sem háskólaráðið hefir samið og samþykkt samkvæmt 6. gr. laga, nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. október. 1911.

Í stjórnarráði Íslands, 22. september 1911.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.

Efnahagsreikningur

Landsbankans 31. marz 1911.

108

22. sept.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:

a. Fasteignarlán	kr.	143487 84
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	1418496 05
	Flyt kr.	1561983 89